

Sp.

532. Tillaga til þingsályktunar

[247. mál]

um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að stofnaður verði fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum á hausti komanda samkv. 6. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

Greinargerð.

Lög um fiskvinnsluskóla voru samþykkt á Alþingi hinn 2. apríl 1971. Í fyrstu málsgrein 6. greinar þessara laga segir svo:

„Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr.“

Hér er því um að ræða beina ákvörðun Alþingis, að fiskvinnsluskóli skuli stofnaður í Vestmannaeyjum, að telja verður jafnhliða skólanum á Suðvesturlandi.

Hinn 16. nóv. s. l. svaraði menntamálaráðherra fyrirspurn á Alþingi um skipun skólanefndar og stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. Kom fram í svari ráðherra, að hann liti á stofnun fiskvinnsluskólans, sem stofnaður var í Reykjavík á s. l. hausti, sem undirbúningsdeild, sem veita mundi þýðingarmikla reynslu, sem að gagni mætti koma, þegar starfræksla skólanna á Suðvesturlandi og í Vestmannaeyjum hæfist, og þá að sjálfsögðu einnig þeirra skóla, sem stofnað verður til annars staðar á landinu, eins og löggin gera ráð fyrir að síðar verði.

Undirbúningsdeild sú, sem ráðherra vitnaði til í svari sínu, verður búin að starfa í eitt ár á næsta hausti og þá fengin sú reynsla, sem hann taldi nauðsynlegan grundvöll til að byggja á í þessum efnunum. Verður því að telja, að það sé þegar orðið tímabært að skipa skólanefnd og hefja undirbúning undir stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum með það fyrir augum, að skólinn geti hafið starfsemi sína á næsta hausti, og er þingsályktunartillaga þessi borin fram í því trausti, að svo megi verða.

Um þörf fyrir fiskvinnsluskóla bæði á Suðvesturlandi og í Vestmannaeyjum og reyndar víðar á landinu þarf ekki að fjölyrða.

Íslendingar hafa því miður allt of lengi litið fram hjá því, að fiskvinnsla og fiskiðnaður, sem er framleiðsla viðkvæmra, en eftirsótttra matvæla, ef þau uppfylla þau skilyrði, sem kaupendur gera til þeirra, bæði hvað snertir gæði hráefnis og aðbúnað allan við framleiðslu þeirra, þarfnast í vaxandi mæli sérmenntaðs og sérhæfðs fólks, ekki síður en aðrar iðngreinar, þar sem sérmenntunar er krafizt. Það má því að dómi flutningsmanna enginn dráttur verða á stofnun þeirra fiskvinnsluskóla, sem löggin frá 15. apríl s. l. gera ráð fyrir að þegar verði stofnað til, og að einnig verði undirbúin stofnun fiskvinnsluskóla annars staðar á landinu, eftir því sem nauðsynlegt er talið.